

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 29. janúar 2020

4. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

 ROLEX	 TUDOR		<p>Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi</p> <p>MICHELSEN 1909</p> <p>Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is</p>
 TAGHeuer	 LONGINES		
 NOMOS GLASHÜTTE	 TISSOT		

Efling fer í hart við borgina

Gangi kröfur Eflingar eftir mun launamunur ófaglærðs og háskólamenntaðs starfsfólks á leikskólum borgarinnar dragast verulega saman. Útreikningar leiða í ljós að laun leiðbeinenda og annars ófaglærðs starfsfólks myndu hækka um 220 þúsund krónur á mánuði samkvæmt kröfum Eflingar.

120.000

Sá munur sem yrði á launum verkamanns hjá borginni og á almennum markaði.



»2 Lindarhvoll hafi ekki hámarkað söluandvirði eigna

Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Lindarhvols kann ríkið að hafa orðið af allt að milljarði. Stjórn Lindarhvols skilaði ítarlegri umsögn við skýrsluna fyrir helgi og gerir margvíslegar athugasemdir.

»6 Skapar ekki ímynd á fölskum forsendum

Ofuráhersla á skammtímasölu skapar hættu á að litlu fé sé varið í uppbyggingu vörumerkja. Erfitt að byggja upp vörumerki sem byggir á hugrenningatengslum og tilfinningum í gegnum netauglýsingar.

»10 Hnitmiðuð atлага

„Leiðréttingin“, sem forysta Eflingar kallar svo, verður ekki upp á við á launum nokkurra hópa hjá borginni heldur lóðbeint niður á við á lífskjörum almennings, segir Halldór Benjámín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, í aðsendri grein.

 EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65% stærra lessvæði

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



Danish Crown

SIGGI HALL POP UP

miðvikudag til sunnudags

Velkomin í ljúffenga rétti
að hætti hins eina sanna Sigga Hall

MATSEÐILL

SMÁRÉTTIR

Bleikju tartar 2.490 kr.
pera, agúrka, mint, graslaukur, sítrónu-
hunangssósa

Pönnusteikt höpuskel 2.790 kr.
kartöflumús, sýrður perlulaukur, hrogn, söl,
dill beurre blanc

Grillað dádýr 2.890 kr.
sveppir, blaðlaukur, yuzu sesam-dressing

AÐALRÉTTIR

Grillað andabringa 4.890 kr.
grænn aspas, stökk vorrúlla með andar „confit“,
plómusósa

Grillað nautalund & foie gras 6.990 kr.
hunangs-karamellaður skarlottulaukur,
beinmergur, bordelaise-sósa,

EFTIRRÉTTUR

Grand Marnier Crème brûlée 1.990 kr.
ávaxta-sorbet, jarðaber, dulce de leche,
Grand Marnier

TASTING MENU

Smakkaðu alla sex réttina

8.990 kr.

Borðapantanir og nánari upplýsingar á apotek.is

ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!

APOTEK KITCHEN+BAR // Austurstræti 16 // Sími 551 0011

Ríkið kunnir að hafa orðið af um milljarði

Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar náðist ekki að hámarka söluandvirði eigna Lindarhvols. Stjórn eignarhaldsfélagsins skilaði ítarlegri umsögn við skýrsluna fyrir helgi og gerir margvíslegar athugasemdir við niðurstöðurnar.

Stjórn Lindarhvols, sem var falið að halda utan um tugmilljarða eignir sem voru afhentar ríkinu vegna stöðugleikaframlaga slitabúa gömlu bankanna, er sögð í drögum að skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi eignarhaldsfélagsins ekki hafa í öllum tilfellum náð því markmiði að hámarka söluandvirði eigna sem voru í umsýslu Lindarhvols á árunum 2016 til 2018.

Það kunnir að hafa valdið því að ríkið hafi af þeim sökum fengið samtals allt að um milljarði króna minna í sinn hlut en ella, samkvæmt heimildum Markaðarins, en þar munar mest um á sölu á nærri átján prósent hlut í eignarhaldsfélaginu Klakka, sem átti meðal annars allt hlutafé eignaleigufyrirtækisins Lykils, haustið 2016 fyrir 505 milljónir króna.

Stjórn Lindarhvols gerir margvíslegar athugasemdir við skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem telur um 70 blaðsíður en er ekki endanleg útgáfa, í afar ítarlegri umsögn sem hún skilaði til stofnunarinnar síðastliðinn föstudag, samkvæmt heimildum Markaðarins. Þannig gagnrýnir stjórnin harðlega í umsögn sinni þá aðferðafræði sem Ríkisendurskoðun beitir þegar hún leggur mat á hvort Lindarhvoll hafi náð að hámarka endurheimtur við sölu á eignum félagsins.

Þórhallur Arason, sem var stjórnarformaður Lindarhvols, sagðist í samtali við Markaðinn ekki vilja tjá sig um málið en félaginu var slitið í febrúar 2018 eftir að bróðurpartur þeirra eigna sem eftir voru í umsýslu þess voru færðir inn í Lifeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Í skýrslunni um starfsemi Lindarhvols er fyrirkomulag við ráðningu á lögmannsstofunni Íslögum, sem er í eigu Steinars Þórs Guðgeirssonar hæstaréttarlögmanns, einnig gagnrýnt, auk greiðslna til stofunnar, en Steinar var fenginn til að hafa umsýslu með rekstri Lindarhvols. Fram hefur komið að félagið greiddi Íslögum samtals um 80 milljónir króna, fyrir utan virðisaukaskatt, fyrir vinnu sína á þeim tæplega tveimur árum sem Lindarhvoll var starfandi.

Samkvæmt því sem fram kemur í umsögn stjórnar Lindarhvols til Ríkisendurskoðunar, að því er



Lindarhvoll lauk þeim verkefnum sem eignarhaldsfélaginu var falið snemma árs 2018 og var því í kjölfarið slitið. FRÉTTABLAÐID/ANTON

» Félagið Lindarhvoll var sett á fót í apríl 2016 og var falið að halda utan um tugmilljarða eignir sem voru afhentar ríkinu vegna stöðugleikaframlaga slitabúa gömlu bankanna.

færi hins vegar meðal annars eftir umsögn stjórnar Lindarhvols og umfangi hennar og hvort rannsaka þyrfti eitthvað til viðbótar.

Sigurður Þórðarson, settur ríkisendurskoðandi, skilaði greinargerð um starfsemi Lindarhvols um mitt ár 2018. Ríkisendurskoðun tók í kjölfarið við verkefnum og hefur síðan þá unnið að gerð heildstæðrar úttektar á störfum félagsins.

Lindarhvoll lauk þeim verkefnum sem félaginu voru falin snemma árs 2018, í kjölfar sölu á öllu hlutafé ríkisins í Lyfju, og var félaginu í kjölfarið slitið. Kom þá fram að andvirði þeirra stöðugleikaagna sem innleystar höfðu verið næmi alls um 207,5 milljörðum króna og væru þá frátalin framlög vegna viðskiptabanka og aðrar óinnleystar eignir.

Auk eignarhluta í Lyfju og Klakka átti Lindarhvoll hluti í félögum á borð við Sjóva, Reiti, Eimskip og Símann auk ýmissa annarra óskráðra félaga.

Viðskiptafélagarnir Sigurður Valtysson, fyrrverandi forstjóri Exista, og bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir, oftast kenndir við breska matvælaframleiðandann Bakkavör, gagnrýndu á sínum tíma harðlega vinnubrögð Lindarhvols við sölu á hlut ríkisins í Klakka og kvörtuðu meðal annars til Fjármálaeftirlitsins vegna málsins. Félag þeirra átti tilboð í hlut ríkisins, sem var gert í nafni Kvikubanka, en hluturinn var seldur til félags í eigu vogunarsjóðsins Davidson Kempner. hordur@frettabladid.is

heimildir Markaðarins herma, er þessum athugasemdum stofnunarinnar um að ekki hafi eðlilega verið staðið að ráðningu Steinars, sem var formaður skilanefndar Kaupþings, vísað alfarið á bug. Hann hafi verið vel til þess fallinn að vinna fyrir eignarhaldsfélagið, meðal annars vegna aðkomu sinnar sem ráðgjafa stjórnvalda að gerð stöðugleika-skilyrða gagnvart slitabúunum, og þá hafi timagjald vegna starfa hans fyrir Lindarhvoll ekki geta talist hátt, að mati stjórnarinnar.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisendurskoðandi sagði í svari til Markaðarins fyrir í þessum mánuði að hann ætti von á því að skýrslan, sem Ríkisendurskoðun lauk við seint á síðasta ári, yrði líklega komin til Alþingis um komandi mánaðamót eða rétt eftir þau. Hvort það tækist

Eigandi Airport Associates í stjórn Play

Eliás Skúli Skúlason, stjórnarformaður og einn eigenda flugþjónustufyrirtækisins Airport Associates, hefur tekið sæti í stjórn hins nýstofnaða laggjaldaflugfélags Play. Hann segist í samtali við Markaðinn hafa sest í stjórnina fyrir hönd hóps fjárfesta sem koma að flugfélaginu en vill aðspurður ekki tjá sig frekar um málið.

Fyrir í stjórn Play sitja stofnendurnir Arnar Már Magnússon, forstjóri flugfélagsins, og Sveinn Ingi Steinþórsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs.

Eliás Skúli, sem er jafnframt framkvæmdastjóri Express,




Eliás Skúli Skúlason, stjórnarformaður Airport Associates.

umboðsaðila hraðsendingafyrirtækisins United Parcel Service á Íslandi, fer með 47,5 prósent hlut í Rea, eiganda Airport Associates, en flugþjónustufyrirtækið þjónustaði meðal annars WOW air á Keflavíkurflugvelli á sínum tíma. Guðbjörg Astríð Skúladóttir á 47,5 prósent hlut í Rea og Sigþór Kristinn Skúla-

son, framkvæmdastjóri Airport Associates, fimm prósent hlut.

Stjórnendur og stofnendur Play vinna nú að því ásamt Íslenskum verðbréfum að ljúka fjármögnun flugfélagsins til lengri tíma og hafa viðræður staðið yfir að undanförunni við erlenda fjárfesta, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Flugfélagið fékk um miðjan síðasta mánuð nýtt fjármagn inn í reksturinn til þess að borga starfsfólki sínu ógreidd laun, eftir því sem heimildir Markaðarins herma, en fram kom í fréttum í byrjun desember að laun vegna nóvembermánaðar hefðu ekki borist. – hae, kj



HAFNARTORG REYKJAVÍK

Hafnartorg er blönduð byggð af nýjum skrifstofum, íbúðum og verslunum. Glæsilegar skrifstofur eru til leigu frá 120 til 1.500 fermetra. Í húsinu verður boðið uppá þjónustu við leigjendur s.s. móttökuritari og aðgang að sameiginlegum fundarherbergjum og skrifstofum. Einn stærsti bílakjallari landsins er undir Hafnartorgi og að Hörpu. Hafnartorg verður iðandi af mannlífi og menningu og kærkomin viðbót við stækkandi miðbæ Reykjavíkur.




Nýjar sérhannaðar skrifstofur í miðbæ Reykjavíkur

Heildarstærð er um 6.900 fm

Útleigurými frá 120 fm

Bílastæði eru neðanjarðar og tengist Hörpunni

Afhending hafin



URÐARHVARF 8 KÓPAVOGUR

Urðarhvarf 8 er nýtt húsnæði og hagkvæmur kostur fyrir leigjendur. Húsið er glerjað að miklu leyti og því nýtur sín vel stórbrotið útsýni yfir Reykjavík, í átt að Esjunni, yfir Elliðavatn og til Bláfjalla. Samnýting á mótuneyti, hjólageymslum, fundarherbergjum, móttöku og annarri fjölbreyttri þjónustu verður í boði fyrir leigjendur húsnæðisins.

Rými sérhönnuð fyrir skrifstofur eða heilbrigðisstarfssemi

Heildarstærð er um 16.500 fm

Útleigurými frá 220 fm

Næg bílastæði á lóð og í bílakjallara

Frábært útsýni yfir Esjuna og Elliðaárdalinn

Afhending hafin



REYKJASTRÆTI
FASTEIGNAFÉLAG

REYKJASTRAETI.IS | S: 571-4990

Fasteignasafn Reykjastrætis telur um 33 þúsund fermetra í nokkrum nýbyggingarverkefnum sem eru tilbúin eða verða tilbúin á árinu 2020. Reykjastræti er systurfélag ÞG verktaka. Félagið leitar eftir farsælu langtíma viðskiptasambandi við sína leigjendur og stendur félagið fyrir gæði og áreiðanleika í viðskiptum.

Launamunurinn myndi snarminnka

Gangi kröfur Eflingar eftir mun launamunur ófaglærðs og háskólamenntaðs starfsfólks á leikskólum borgarinnar dragast verulega saman. Laun verkamanna í sorphirðu borgarinnar yrðu 120 þúsund krónum hærri en laun sorphirðumanna á almennum markaði.

Kristinn Ingi Jónsson
kristinnigi@frettabladid.is

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Launamunur á milli ófaglærðs og háskólamenntaðs starfsfólks á leikskólum Reykjavíkurborgar mun minnka verulega og verða í sumum tilfellum nær enginn og jafnvel snúast við ef kröfur Eflingar á hendur borginni ganga eftir. Þetta leiða útreikningar sem Samtök atvinnulífsins hafa unnið að beiðni Markaðarins í ljós.

Kröfurnar fela þannig meðal annars í sér að laun leiðbeinenda á leikskólum yrðu hærri en laun aðstoðarleikskólakennara árið 2022, ef gert er ráð fyrir að þeir síðarnefndu semji um launahækkunir á nótum lífskjarasamningsins. Til samanburðar voru laun aðstoðarleikskólakennara um 23 prósentum hærri en laun leiðbeinenda á árinu 2018.

Auk þess leiða útreikningarnir í ljós að launamunur leiðbeinenda annars vegar og leikskólakennara með fimm ára háskólanám að baki hins vegar mun fara úr 47 prósentum, eins og hann var árið 2018, í 14 prósent árið 2022 ef gengið verður að kröfum Eflingar og leikskólakennara semja um hækkunir í anda lífskjarasamningsins.

Daði Már Kristófersson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir í samtali við Markaðinn að erfitt sé að breyta hlutfallslegum launum ólíkra hópa. Það líti út fyrir að það muni kveikja áhuga annarra hópa á sambærilegum launahækkunum ef orðið verði við kröfum Eflingar.

„Þetta er sérstaklega viðkvæmt í almennum störfum þar sem er blanda ólíkra hópa, til dæmis faglærðra og ófaglærðra. Það er auðveldara að taka fyrir sérhæfða hópa sem eru eýlönnd í kerfinu þar sem störfin eru sérhæfð og fáir geta gengið í þau,“ segir hann.

Meirihluti kjósenda í atkvæðagreiðslu Eflingar um verkfallsaðgerðir gegn borginni samþykkti verkfallsbodun um líðna helgi en fyrirhugaðar aðgerðir, sem eiga að hefjast næsta þriðjudag, ná meðal annars til félagsmanna stéttarfélagssins á leikskólum Reykjavíkurborgar, á hjúkrunarheimilum, í heimahjúkrun og við sorph- og gatnaumhirðu. Lítið hefur áunnist í viðræðum Eflingar og borgarinnar og ber enn mikið á milli.

Langt umfram lífskjarasamning Samkvæmt útreikningum Samtaka atvinnulífsins fela launakröfur Eflingar á hendur Reykjavíkurborg í sér umtalsvert meiri hækkunir en samið var um á almennum vinnu- markaði – með lífskjarasamningnum svonefnda – í apríl í fyrra en stéttarfélagið stóð sem kunnugt er að þeim samningi.

Til marks um það yrðu laun verkamanna í sorphirðu á vegum Reykjavíkurborgar að jafnaði samtals 490 þúsund krónur á mánuði árið 2022 fyrir fulla dagvinnu, ef tekið er mið af kröfugerð Eflingar, borið saman við mánaðarlaun verkamanna í sömu störfum á almennum vinnu- markaði upp á 373 þúsund krónur samkvæmt lífskjarasamningnum. Næmi launamunurinn nærri 120 þúsund krónum.


Enn fremur yrðu dagvinnulaun starfsfólks Reykjavíkurborgar við umönnun að jafnaði um 506 þúsund krónur á mánuði árið 2022, ef kröfur Eflingar ná fram að ganga, en til samanburðar gerir lífskjarasamningurinn ráð fyrir að laun starfsfólks sem sinnir sambærilegum störfum á almennum vinnu-

Samantölur á tilboði Eflingar til Reykjavíkurborgar og lífskjarasamningi


Í þúsundum króna

■ Laun ■ Desemberuppbot ■ Orlofsuppbot


Dagvinnulaun ræstingafólks á mánuði að jafnaði 2022




Dagvinnulaun verkamanna í sorphirðu á mánuði að jafnaði 2022



Dagvinnulaun matráða án mannaforráða á mánuði að jafnaði 2022



Dagvinnulaun starfsfólks við umönnun á mánuði að jafnaði 2022



Hækkun á mánaðargrundvelli

■ Taxtahækkunir ■ Föst yfirvinna inn í samning ■ Orlofsuppbot ■ Desemberuppbot

Lífskjarasamningur

■ +90 ■ 0 ■ -1



Efling - minnsta hækkun

■ +113 ■ 0 ■ +12 ■ +24



Efling - mesta hækkun

■ +143 ■ 0 ■ +12 ■ +24



Starfsmaður 2 á leikskóla

■ +140 ■ +46 ■ +12 ■ +24



Mismunur á launum leiðbeinenda 1 og háskólamenntaðra starfsmanna í leikskóla

Kröfur Eflingar á Reykjavík með orlofsuppbotum bornar saman við laun leikskólakennara að viðbættum hækkunum lífskjarasamnings

	Mismunur 2018	Mismunur 2022
Aðstoðarleikskólakennari	23%	-1%
Aðstoðarleikskólakennari með sérkennslu/verkefna-/sérgrainastjórn	26%	1%
Aðstoðarleikskólakennari með deildarstjórn	29%	3%
Háskólamenntaður með B.ed. í leikskólakennarafræðum	29%	3%
Háskólamenntaður sérkennari með B.ed. í leikskólakennarafræðum	33%	5%
Háskólamenntaður deildarstjóri með B.ed. í leikskólakennarafræðum	36%	7%
Háskólamenntaður sérkennslustjóri með B.ed. í leikskólakennarafræðum	39%	9%
Leikskólakennari	47%	14%
Leikskólasérkennari/Leikskólakennari með umsjón (allt að 60 nemendur)	50%	16%
Deildarstjóri/Leikskólakennari með umsjón (60+ nemendur)	54%	19%
Sérkennslustjóri/Deildarstjóri staðgengill leikskólastjóra	58%	21%

Mismunur á launum leikskólaliða og háskólamenntaðra starfsmanna í leikskóla

Kröfur Eflingar á Reykjavík með orlofsuppbotum bornar saman við laun leikskólakennara að viðbættum hækkunum lífskjarasamnings

	Mismunur 2018	Mismunur 2022
Aðstoðarleikskólakennari	16%	-4%
Aðstoðarleikskólakennari með sérkennslu/verkefna-/sérgrainastjórn	19%	-2%
Aðstoðarleikskólakennari með deildarstjórn	22%	0%
Háskólamenntaður með B.ed. í leikskólakennarafræðum	22%	0%
Háskólamenntaður sérkennari með B.ed. í leikskólakennarafræðum	25%	2%
Háskólamenntaður deildarstjóri með B.ed. í leikskólakennarafræðum	28%	4%
Háskólamenntaður sérkennslustjóri með B.ed. í leikskólakennarafræðum	31%	6%
Leikskólakennari	38%	11%
Leikskólasérkennari/Leikskólakennari með umsjón (allt að 60 nemendur)	42%	13%
Deildarstjóri/Leikskólakennari með umsjón (60+ nemendur)	45%	16%
Sérkennslustjóri/Deildarstjóri staðgengill leikskólastjóra	49%	18%

markaði verði á sama tíma um 406 þúsund krónur á mánuði.

220 þúsund króna hækkun

Útreikningar Samtaka atvinnulífsins leiða jafnframt í ljós að laun leiðbeinenda og annars ófaglærðs starfsfólks á leikskólum Reykjavíkurborgar myndu hækka um 220 þúsund krónur á mánaðargrundvelli samkvæmt kröfum Eflingar og hefur þá verið tekið tillit til taxtahækkana, hækkana á fastri yfirvinnu, breytinga á tengireglu starfsmats og orlofs- og desemberuppbotar. Sé lítið fram hjá hækkunum á fastri yfirvinnu yrði launahækkunin allt að 175 þúsund krónur.

Til samanburðar gerir lífskjarasamningurinn ráð fyrir 91 þúsund króna mánaðarhækkun.

Reynslan er sú að þá komi til höfrungahlaups þar sem einn hópur fær leiðréttingu og þá kvikna kröfur hjá öðrum sambærilegum hópi, til dæmis hjá hópi háskólamenntaðra sem sinnir svipuðum störfum.

Daði Már Kristófersson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands



Af útreikningum samtakanna má jafnframt ráða að leikskólaliðar verði með hærri föst laun en trésmiðir og iðjuþjálfarar, svo dæmi séu tekin, á árinu 2022 ef kröfur Eflingar verða að veruleika. Þá verði hlutfallslegur munur á föstum launum leikskólaliða, sem eiga að baki tveggja til þriggja ára nám á framhaldsskólastigi, og hjúkrunarfræðinga aðeins 1,9 prósent en munurinn er nú um 39 prósent.

Harpa Ólafsdóttir, formaður samninganefndar borgarinnar, sagði við Viðskiptablaðið í síðustu viku að kröfur Eflingar væru talsvert umfram það sem samið var um í lífskjarasamningnum sem stéttarfélagið hefði sjálft staðið að.

„Hvernig eigum við að ná sátt um það að skattborgarar – meðal annars þeir sem í dag eru á svip-

uðum launum og þeir sem verið er að semja fyrir – standi frammi fyrir skatta- eða gjaldskrárhækkunum vegna þess að við þurfum að borga starfsmönnum borgarinnar hærri laun en samið var um á almenna markaðinum?“ nefndi Harpa.

Fram kom á blaðamannafundi sem Efling boðaði til á mánudag að kostnaður Reykjavíkurborgar vegna kröfugerðar félagsins myndi nema tæplega 290 milljónum króna á þessu ári, 1,44 milljörðum króna á því næsta og 1,55 milljörðum króna árið 2022 og árið 2023.

Var kröfugerðin sett í samhengi við kostnað borgarinnar af endurnýjun braggans í Nauthólsvík, þar sem fundurinn fór fram, og tekið fram að í lok samningstímans yrði árlegur kostnaðarauki vegna krafna félagsins á við tæplega fjóra bragga.

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

30-60% AF ÖLLUM VÖRUM



ÚTSÖLUNNI FER SENN AÐ LJÚKA

WAGNER
LISTAVERÐ 123.435 KR.
NÚ 123.435 KR.

ALPOINT
LISTAVERÐ 79.900 KR.
NÚ 51.935 KR.

NAVIGO
LISTAVERÐ 89.900 KR.
NÚ 44.950 KR.
TAKMARKAÐ MAGN Í BODI

W7 LIGHT
LISTAVERÐ 144.900 KR.
NÚ 72.450 KR.
TAKMARKAÐ MAGN Í BODI

35-50% AF ÖLLUM STÓLUM



CUBE FUNDARSTÓLL
MEÐ ÖRMUM
LISTAVERÐ
78.900 KR.
NÚ 51.285 KR.
TIL Á LAGER Í DÖKK- OG LJÓSGRÁU



W70 FUNDARSTÓLL
MEÐ DONDOLA
LISTAVERÐ
122.900 KR.
NÚ 79.885 KR.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is



RAMMASAMNINGUR VIE
RÍKISKAUP

Skapar ekki ímynd á fölskum forsendum

Ofuráhersla á skammtímasölu skapar hættu á að litlu fé sé varið í uppbyggingu vörumerkja. Erfitt að byggja upp vörumerki sem byggir á hugrenningatengslum og tilfinningum í gegnum einfaldar netauglýsingar sem smelt er á.

Helgi Vífill
Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Það skiptir máli að greina þau tækifæri sem fyrirtæki hafa á markaði með vöru sína og þjónustu til lengri tíma lítið. Sum fyrirtæki gera þau mistök að einblína of mikið á árangur í markaðsmálum til skemmri tíma, segir Elin Helga Sveinbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Hvíta hússins.

„Mögulega tengist það því að nú er hægt með einföldum hætti að fylgjast með árangri af netauglýsingum. Margir leiðast út á þá braut að auglýsa einungis í miðlum sem eru sölumiðaðir og sýna skammtíma árangur. Vandinn er að sú aðferðafræði ein og sér skadar vörumerki til lengri tíma og dregur þar með úr verðmæti þess. Það er margt sem spilar inn í og þarf að hafa í huga til að ná árangri í að byggja upp öflugt og sterkt vörumerki. Líkt og þekking á neytandanum og hans þörfum. Við hjá Hvíta húsinu styðjumst mikið við rannsóknir í okkar greiningum enda snýst þetta að miklu leyti um fólk og að skilja hvernig viðhorf mótast og hvernig fólk hegðar sér og þá í tengslum við eða í sambandi við vörumerki. Vörumerki verða að hafa tilgang og markaðsstarfið þarf að hluta til að snúast um að skapa hugrenningatengsl á milli vörumerkisins og tilfinninga. Það getur skapað viðskiptatryggt til lengri tíma sem er afar verðmætt,“ segir hún.

Elin Helga veltir einnig upp þeim möguleika að verra efnahagsástand hafi leitt til aukinnar áherslu á að afla tekna til skemmri tíma og þar með sé lögd minni áhersla á að byggja upp vörumerki til lengri tíma. „Markaðsdeildir verða að færa rök fyrir markaðsstarfinu með því að benda á árangurstölur. Ef til vill eru stjórnendur fyrirtækisins ekki reiðubúnir til að verja fé í langtíma markaðssetningu og viðhorfskannanir sem mæla stöðu vörumerkisins enda er það viðameira og tímafrekara verkefni en að fylgjast beint með árangri markaðsstarfs á netinu.

Það þarf að nota fjölbreyttar leiðir til að byggja upp vörumerki, netið er sannarlega ein leið en það þarf að stöðja við þau skilaboð í gegnum margs konar miðla. Það er erfitt að byggja upp vörumerki sem byggir á hugrenningatengslum og tilfinningum í gegnum einfaldar netauglýsingar sem smelt er á. Ímynd er eitt en sala er annað. Þegar ofuráhersla er lögd á sölu strax er hættu á að litlu fé sé varið í uppbyggingu vörumerkja. Markmiðið með uppbyggingu ímyndar er að skapa þessi tengsl, sem hefur áhrif á eftirspurn til lengri tíma og eflir viðskiptatryggt,“ segir Elin Helga og minnir á að neytendur séu oft reiðubúnir til að greiða herra verð fyrir vöru eða þjónustu frá sterkum vörumerkjum.

Hærra verð fyrir samfélagslega ábyrgð

„Við sjáum það á viðhorfi neytenda gagnvart samfélagslega ábyrgum vörumerkjum. Neytendur taka ákvörðun um að greiða herra verð fyrir vöruna eða þjónustuna. Neytendur eru einnig orðnir meðvitaðir um að þeirra kauphegðun hefur áhrif á stóru myndina og eru einnig

reiðubúnari að tjá sig um vörur og þjónustu. Þannig hafa þeir mikil áhrif á markaðinn. Þeir eru fljótir að átta sig á því ef fyrirtæki koma ekki hreint fram í sinni markaðssetningu. Svo það þýðir ekki að reyna að skapa sér ímynd á fölskum forsendum. Neytendur eru fljótir að sjá í gegnum það,“ segir hún.

Elin Helga, sem lauk háskólanámi í sálfræði, segir að auglýsingafólk sé sérfræðingar í neytendahegðun. „Við erum sérfræðingar í fólk og til dæmis því hvernig það notar tækni ekki síður en í tækninni sjálfri. Það er einmitt það sem gerir þennan bransa svo skemmtilegan. Til að öðlast þekkingu á fólk sinnum við mikilli rannsóknarvinnu. Það er mikilvægur þáttur í okkar starfi.“

Haft hefur verið á orði við mig að karlmenn séu nær undantekningarlaust í stjórnunarstöðum auglýsingastofa hérlandis. Engu að síður er Hvíta húsið ein elsta auglýsingastofa landsins og er stýrt af tveimur konum. Hvernig horfir það við ykkur?

Elin Helga: „Auglýsingabransinn var lengi karllægur. En það hefur verið að breytast. Það eru ekki nema þrjú ár síðan kvenmaður tók við starfi framkvæmdastjóra á stofu sem er í Sambandi íslenskra auglýsingastofa.“ Visar Elin Helga þar til þess þegar hún tók við núverandi starfi.

Anna Kristín: „Við undirbúning jafnlaunavottunar Hvíta hússins árið 2016 tókum við meðvitaða ákvörðun um að stiga skref í þessa átt. Niðurstæða þeirra vinnu var að skekkjan í okkar rekstri hvað varðar jafnrétti fólst í því að það voru karlmenn í helstu stjórnendastöðum en laun karla og kvenna voru almennt svipuð. Árið 2017 tók ég við sem starfandi stjórnarformaður og Elin varð framkvæmdastjóri.“

Elin Helga: „Þetta snýst ekki um að konur ráði hér öllu heldur viljum við halda fjölbreytileikanum á lofti. Bæði konur og karlmenn geta gert það í sínum störfum. Sjónarmiðið er að samspil karla og kvenna af ólíkum aldri með mismunandi bakgrunn nái bestum árangri. Það er mikilvægt til að skapa frjóan jarðveg inni á stofunni og það gerum við með fjölbreytileika.“

Eins og þú nefndir þá erum við ein elsta auglýsingastofa landsins og við finnum fyrir sögu stofunnar. Á meðal starfsmanna er feikilega mikil reynsla sem blandast með yngri starfsmönnum og þeirra nálgun. Sagan og reynslan hefur skapað einstaka vinnustaðameningu. Ræturnar skipta nefnilega miklu máli. Það skiptir máli hvaðan fyrirtæki koma og á hverju er byggt til framtíðar.

Ræturnar eru til dæmis eitt af lykilatriðunum þegar byggt er upp vörumerki en svo fer það eftir aðstæðum með hvaða hætti er unnið með það í markaðsefni. Framleiðendur svissneskra úra og súkkuláðis vilja halda þeirri arfleifð á lofti á meðan önnur merki kunna að kjósa að feta aðra leið.“

Elin Helga segir að Hvíta húsið hafi lengi veitt fyrirtækjum ráðgjöf við að skapa vörumerki. „Við höfum komið að yfir 100 slíkum verkefnum síðastliðin ár. Stundum hefur verkefnið verið að skipta um nafn og ámynd en í öðrum tilvikum höfum við endurbætt vörumerki sem vilja próast með tíðarandanum. Þetta eru skemmtileg verkefni þar sem við tókum meðal annars viðtöl við starfsfólk, viðskiptavinum

Margir leiðast út á þá braut að auglýsa einungis í miðlum sem eru sölumiðaðir og sýna skammtíma árangur.

Elin Helga Sveinbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Hvíta hússins

og aðra hagsmunaaðila. Þannig sköpum við vörumerki með því að safna upplýsingum og vinna úr þeim eitthvað sem hefur sanna merkingu og tengsl við mannlega þætti,“ segir hún.

Vörumerki þurfa dýpt

Anna Kristín segir að þegar unnið er að stefnumótun vörumerkja sé skyggst inn í kjarna fyrirtækisins. „Það er ekki hægt að skapa vörumerki án þess að hafa úr einhverju bitastæðu að moda. Þau þurfa að hafa dýpt og tilgang.“

Elin Helga: „Talandi um tilgang, þá er nú uppi krafa um að fyrirtæki setji umhverfismál á oddinn. Ný könnun sýnir að aðeins 18 prósent fólks telja íslensk fyrirtæki huga að lágmarkun umhverfisáhrifa í starfsemi sinni. Ég tel að fyrirtæki þurfi að stiga frekari skref í þá átt á árinu. Það krefst hugrekks að breyta hegðun fyrirtækja í umhverfismálum. Við það gætu þau þurft að færa fórnir og leggja út í einhvern kostnað vilji þau ná árangri á þessu sviði. Það getur reynst erfitt fyrir mörg þeirra en til lengri tíma lítið munu þau njóta góðs af þeirri fjárfestingu enda eru þau að svara kalli markaðarins. Með því að aðlagast breyttu landslagi geta fyrirtækin staðist tímans tönn. Ef ekki kann þeim að vera vandi á höndum hvað varðar samkeppnishæfni á markaði.“

Er hægt að byggja upp vörumerki þegar auglýsendur nýta dagblöð og sjónvarp í minni mæli en áður?

Elin Helga: „Við þurfum alltaf að huga að jafnvægi milli mikillar dekkunar, þar sem við erum minna markhópamiðað og meira að hugsa um fjöldann, og þess að sérsníða skilaboð að markhópnum, eins og hægt er á net- og samfélagsmiðlum. Þannig getum við bæði talað við þá sem við viljum að kaupi vöruna strax og þá sem gætu verið framtíðarnotendur vörunnar. Það er því æskilegast að auglýsa bæði í miðlum sem ná mikilli dekkun og auka vitund um vöruna, eins og sjónvarp og dagblöð gera ennþá, en líka í miðlum sem eru meira markhópamiðaðri, eins og netmiðlar geta verið.“

Það er orðið býsna flókið að ná til neytenda.

Elin Helga: „Já, áreitið er mun meira og miðlarnir fleiri en áður sem hefur leitt til þess að fólk veitir auglýsingum minni eða öðruvísi athygli. Það er erfiðara að ná í gegn.“

Innsæi fæst með rannsóknum

Hver er lykillinn að því að ná í gegn?

Elin Helga: „Mikil sköpunargleði og gott innsæi í mannlega hegðun. Innsæið fæst með rannsóknarvinnu, hvort sem rætt er við rýnihópa, rýnt í ákveðna hegðun í samfélaginu eða skodanakkannanir framkvæmdar. Oft liggur dýrmæt þekking nú þegar hjá fyrirtækjunum sem kemur fram í djúpum sam-



Anna Kristín Kristjánsdóttir, starfandi stjórnarformaður Hvíta hússins, og Elin Helga Sveinbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Hvíta hússins.

Anna keypti í stofunni árið 2015

Anna Kristín gekk inn í hluthafahóp Hvíta hússins árið 2015 og á 16 prósent hlut í fyrirtækinu. „Ég hafði verið viðskiptavinur Hvíta hússins um árabíl. Áður starfaði ég í áratug hjá Vodafone og gegndi stöðu markaðsstjóra. Ég hafði mikinn áhuga á Hvíta húsinu og á rekstri auglýsingastofu. Mig langaði að prófa að vera hinum megin við borðið.“

Ég rýndi í markaðinn, bankaði upp á og spurði hvort hlutur væri til sölu. Það var raunin.

Ég hafði unnið með öðrum auglýsingastofum en hér skín í gegn virðing fyrir reynslu og uppruna vörumerkja. Auk þess hversu láginn þau eru í mannlegum samskiptum. Það heillaði mig,“ segir hún.

tölum um vörumerkið. Þegar réttu spurninganna er spurt er hægt að öðlast innsæi sem er forsenda fyrir því að vera skapandi í tengslum við tiltekna vöru eða þjónustu. Þarna fæðast hugmyndirnar sem eru svo mikilvægur grundvöllur góðs auglýsinga- og markaðsstarfs.“

Með hvaða hætti hafa auglýsendur brugðist við samdrætti í efnahagslífinu?

Elin Helga: „Þá er það okkar hlutverk að leita leiða til þess að gera hlutina skilvirkari og hagkvæmari. Það verður alltaf til mikill lærdómur í samdrætti. Við erum að

framleiða miklu fjölbreyttara efni en áður en það gerir vinnuna okkar bara skemmtilegri.

Anna Kristín: „Síðastliðin misseri hafa reynst mörgum auglýsendum erfið. Það hefur bein áhrif á okkar rekstur. Við verðum að kunna þann dans að draga saman þegar þannig stendur á og vaxa þegar betur árar.“

Hafið þið orðið að grípa til uppsagna?

Anna Kristín: „Við, eins og fleiri, höfum átt nokkur mögur ár og urðum til dæmis að fækka í starfsliðinu í vor. Það er sársaukafullt, sérstaklega hjá fyrirtæki sem byggir



Elin Helga Sveinbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri stofunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

eingöngu á mannauði. Sem betur fór batnaði verkefnastaðan og við bættum aftur við okkur um áramótin.

Svona er auglýsingabransinn í hnotskurn. Það eru miklar sveiflur, hvort sem þær eru í efnahagslífinu öllu eða í rekstri stofanna eða sökum þess að stór viðskiptavinur færir sig um set. Þess vegna skiptir traust og gott langtímasamband miklu máli fyrir reksturinn. Að endingu skilar það betri afurð fyrir viðskiptavinum því fyrir vikið höfum við dýpri þekkingu á starfsemi þeirra. Það er ekki hægt að kafa jafn djúpt í málin og við viljum gera nema það ríki traust á milli fólks.“

Af hverju hefur afkoma auglýsingastofa almennt verið lök á undanförunum árum?

Anna Kristín: „Það er gömul saga og ný, að eitt það fyrsta sem fyrirtæki kjósa að skera niður þegar gefur á bátinn er í markaðsmálum. Það er miður enda er mikil fjárfesting yfirleitt búin að eiga sér stað við að byggja upp vörumerki og því þarf ávallt að viðhalda. Leiðandi vörumerki byggja á stöðugum sýnileika með fjölbreyttri miðlun. Það



Það þarf að nota fjölbreyttar leiðir til að byggja upp vörumerki, netið er sannarlega ein leið en það þarf að styðja við þau skilaboð í gegnum margskonar miðla.

Elin Helga Sveinbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Hvíta hússins

er því hætta í því að fóna framtíðar uppbyggingu vörumerkis til að takast á við skammtímasveiflur. Líklegast eru það algengustu mistökkin í bransanum að fóna langtíma-stefnu fyrir skammtíma reddingar.

Auglýsendur horfa margir hverjir stíft í það hvað þessi ráðgjöf og þjónusta kosta. Við vinnum markvisst í því að skapa virði fyrir viðskiptavinum á öllum sviðum. Við trúum því að hugmyndaauðgi, góð þjónusta og fagmennska sé það sem okkar viðskiptavinir sækist eftir.

Ytri aðstæður hafa mikil áhrif á reksturinn, má þar nefna kjarasamninga, samkeppni um starfsmenn og viðskiptavinum auk efnahagsþróunar.

Að því sögðu eru litlar aðgangshindranir við að stofna ráðgjafarfyrirtæki á þessu sviði og tiltölulega auðvelt að ná sér í einhver verkefni. Af þeim sökum eru margir einyrkjar og lítil fyrirtæki starfandi. Samkeppni er af hinu góða og heldur okkur stærri stofnunum á tænum í að vera stöðugt að endurnýja okkar þekkingu og nálgun. Stærri stofur hafa vissst forskort sem felst í breiddinni. Segja má að við á Hvíta húsinu séum með styrkleikakort yfir alla okkar starfsmenn og vitum hver skarar fram úr á hvaða sviði. Með þeim hætti getum við valið í öflug teymi fyrir hvert og eitt verkefni. Markaðsefnið okkar verður því betra fyrir vikið.“

Framleiðsluteymi sett á laggirnar

Anna Kristín segir að nokkuð nýlega hafi Hvíta húsið ákveðið að setja á stofn framleiðsluteymi til að skapa efni fyrir netið og vefsíður.

Fá aðstoð frá fjórum erlendum fyrirtækjum

Hvíta húsið er í samstarfi við fjögur erlend fyrirtæki til að geta boðið upp á breiðari þjónustu. „Með þessu móti getum við veitt ráðgjöf um hvernig best er að kynna vörumerki og viðskiptavinum okkar á erlendum mörkuðum,“ segir Elin Helga. Anna Kristín segir að samstarfið veiti starfsmönnum Hvíta hússins mikinn innblástur.

„Um er að ræða FleishmanHillard sem er ein stærsta almannatengslastofa í heimi með skrifstofur í 30 löndum. Einnig erum

við í samstarfi við rannsóknar- og stefnumótunarráðgjafana The Value Engineers, auglýsingastofuna Pablo í London og íslenska rannsóknarfyrirtækið EMC sem staðsett er í New York.“

Elin Helga segir að Hvíta húsið sé í samstarfi við alþjóðlega almannatengslastofu því alla jafna leggi íslensk fyrirtæki ekki í stórar auglýsingaherferðir erlendis sökum þess hve mikils fjár það krefst að ná árangri á þeim vettvangi. Þess í stað sé horft til almannatengsla.

„Við líkt og aðrar auglýsingastofur höfum þurft að fara í naflaskoðun síðustu ár með breyttu landslagi á auglýsingamarkaði. Myndbandaframleiðsla hefur verið sá hluti starfseminnar sem hefur verið í hvað mestum vexti hjá okkur. Þessi viðbót hefur það í för með sér að við getum annast allar hlíðar markaðsmála fyrir fyrirtæki. Núna getum við leyst málið frá upphafi til enda innanhúss, það tryggir gæði vinnunnar hjá okkur þar sem við þekkjum okkar viðskiptavin best. Á þann hátt náum við að tryggja að varan verði í samræmi við væntingar. Við vinnum að sjálfsögðu líka með öðrum framleiðslufyrirtækjum og fer það allt eftir eðli verkefna,“ segir hún.

Hvernig hafið þið tekið á við aukinn launakostnað?

Anna Kristín: „Langstærsti kostnaður auglýsingastofa eru laun. Einn leiðirnar sem eru færar er að draga saman seglin hvað varðar fjölda starfsmanna og rýna í hvað megi betur fara í rekstrinum. Við höfum því orðið að grípa til þess ráðs að fækka starfsmönnum til að mæta auknum kostnaði.“

Erfitt að hækka gjaldskrána

Er ekki hægt að hækka gjaldskrána samhliða vaxandi kostnaði?

Anna Kristín: „Fram hafa komið fréttir af fyrirtækjum sem hafa brugðið á það ráð að hækka verð rétt eftir kjarasamninga. Þau fengu það beint í bakið. Það er því ekki svo einfalt að hækka bara verð. Auk þess sem auglýsendur myndu mögulega mæta þeim hækkunum með því að draga enn frekar saman útgjöld til markaðsmála eða færa sig annað.“

Það er víða sótt að atvinnurek-

endum, það á jafnt við um okkur og viðskiptavinum okkar. Minni fyrirtæki, eins og okkar, eru alla jafna í erfiðri aðstöðu til að bregðast við auknum kostnaði og jafnvel minni tekjum. Þau eru brothættari en þau sem stærri eru. Oft eru minni fyrirtæki að stórum hluta skipuð sérfræðingum og borga því heilt yfir hærri laun. Að sama skapi er skattumhverfið, og vil ég sérstaklega nefna tryggingagjaldið, sligandi. Það er með ólíkindum að ekki hafi verið tekið af skarið og létt á þeirri skattbyrði svo um muni.

Það má líka hafa orð á því að fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn hafa alla jafna ekki burði til að hafa mannauðsstjóra á sínum snærum. Þess vegna fer hlutfallslega mikil orka í að leggja í þá vinnu sem fylgir að fá til dæmis jafnlaunavottun sem í dag er skylda fyrir öll fyrirtæki sem eru með fleiri starfsmenn er 25. Að því sögðu ríkti mikil ánægja á meðal starfsmanna með að við skyldum hafa fengið jafnlaunavottun. Þá vita allir starfsmenn að þeir eru á sama báti hvað varðar laun. Sú vinna hjálpaði okkur líka að formfesta betur ýmis mál sem sneru að mannauðsmálum og staðfesti í raun þann kultúr sem við töldum okkur búa við.

Mín upplifun er sú að í ljósi þess hve umfangsmiklir kjarasamningar eru orðnir gagnvart launaþróun í landinu sé búið að taka ákveðið frumkvæðið af atvinnurekendum til að fylgja eftir starfsþróun starfsmanna. Það er nefnilega orðið svo lítið svigrúm til þess að hækka laun eftir samningsbundnar hækkunarir að atvinnurekendur eiga erfitt með að umbuna starfsmönnum fyrir vel unnin störf með hærri launum.“

RAFMÓTORAR



SCANVER 588 80 40
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Borgar sig ekki að klípa af svefninum

Svipmynd

Erla Björnsdóttir

Nám:

Ég kláraði BS í sálfræði frá Háskóla Íslands, fór þaðan til Danmerkur og tók Cand. psych gráðu þar og útskrifaðist sem sálfræðingur frá Háskólanum í Árósum 2009. Þaðan lá leið mín í doktorsnám í líf- og læknávisindum við Háskóla Íslands í samstarfi við Háskólann í Pennsylvaníu. Þar sérhæfði ég mig í svefnrannsóknnum.

Störf:

Ég hef rekið eigin sálfræðistofu síðastliðinn áratug samfara doktorsnámi mínu. Ég stofnaði fyrirtækið Betri svefn árið 2013 og hef rekið það síðan þá. Einnig stofnaði ég Munum útgáfu með vinkonu minni Þóru Hrund árið 2016 en við gefum út dagbækur þar sem lögð er áhersla á markmiðasetningu og tímastjórnun. Í dag starfa ég einnig sem nýdoktor við Háskólann í Reykjavík og sinni þar kennslu og rannsóknnum ásamt því að sinna stundakennslu við Háskóla Íslands.

Fjölskylduhagir

Ég er gift Hálfani Steinþórssyni og saman eigum við fjóra syni á aldrinum 5-15 ára.

Erla Björnsdóttir er doktor í svefnrannsóknnum og framkvæmdastjóri Betri svefn sem býður upp á fræðslu um svefnvandamál, skimanir á svefnvanda innan fyrirtækja og meðferð við svefnleysi. Erla stendur fyrir ráðstefnunni Svefn sem haldin verður í Hörpu í október en þar verður hún með erindi ásamt Matthew Walker, einum helsta svefnserfræðingi heims.

Hvernig er morgunrúttin og kvöldrúttin þín?

Okkur hjónum finnst gott að vakna snemma og ná góðu spjalli yfir kaffibolla áður en við vekjum strákana. Þessi stund er í miklu uppáhaldi þar sem kyrrðin er allsráðandi og farið er yfir skipulag dagsins í ró og næði. Eftir það tekur þetta klassiska við, að vekja börnin og koma þeim á sína staði og halda af stað í vinnu. Kvöldrúttin felst í því að reyna eftir fremsta megni að takmarka áreiti, leggja frá mér símann og ná að gíra mig niður eftir amstur dagsins. Mér finnst æðislegt slaka á yfir góðum þætti, lesa eða eiga góða



Erla Björnsdóttir segir að litill svefn sé því miður stórt vandamál í nútíma samfélagi sem getur leitt til streitu og verri heilsu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

samveru með strákunum í lok dags. Ég reyni eftir fremsta megni að takmarka alla vinnu á kvöldin en það gengur þó ekki alltaf eftir.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Seven habits hafði mjög mikil áhrif á mig þegar ég las hana á sínum tíma. Why we sleep eftir Matthew Walker er líka stórkostleg bók sem hefur haft mikil áhrif á mitt starf sem sérfræðingur í svefnrannsóknnum þar sem þessi bók opnaði loks augu almennings fyrir mikilvægi svefnis.

Er of litill svefn vandamál í þjóðfélaginu í dag? Efsvo er, hvernig þá?

Já, því miður er litill svefn stórt vandamál í nútímasamfélagi. Við sjáum það að helmingur þjóðarinnar segist ekki sofa nóg og 34 prósent sofa sex tíma eða minna samkvæmt nýlegri könnun Gallup en svo stutt-

Rannsóknir hafa sýnt að vansvefta starfsfólk kostar atvinnulífið háar fjárhæðir í formi minnkaðrar framleiðni og aukinna fjarvista frá vinnu.

ur svefn hefur margvísleg neikvæð áhrif á heilsu, líðan og frammistöðu. Ég held að ástæðurnar séu margar og eflaust er það hraðinn í samfélaginu, öll áreitni sem umkringja okkur frá morgni til kvölds og streitan sem hefur mjög mikið um þetta að segja. *Áð hvaða leyti er svefn mikilvægur fyrir atvinnulífið?*

Svefn er gríðarlega mikilvægur fyrir atvinnulífið og rannsóknir hafa sýnt að vansvefta starfsfólk kostar atvinnulífið háar fjárhæðir í formi minnkaðrar framleiðni og aukinna fjarvista frá vinnu. Svo eru vansvefta starfsmenn einnig líklegri til þess að gera mistök og lenda í slysum sem getur haft afdrifarík áhrif á starfsmanninn sjálfan og fyrirtækið.

Hvernig er hægt að koma svefninum í lag?

Það er mikilvægt að temja sér góðar svefnvenjur og setja svefninn ofar á forgangslistann. Það eru bara 24 klukkustundir í sólarhringnum og margir eru mjög uppteknir, sinna krefjandi starfi, eru með stórt heimili og vilja einnig ná að mæta í líkamsrækt og sinna vinnu og öðrum skyldum. Allt tekur þetta tíma en ef við förum að klípa af svefninum

til þess að sinna þessum þáttum þá borgum við alltaf skattinn einhvers staðar, hvort sem það er í aukinni streitu, lakari heilsu, eða minnkaðri framleiðni. Besta hugar- og líkamsrækt sem við getum stundað er að fá nægan svefn.

Hvað geta vinnuveitendur og stjórnendur gert til að stuðla að betri svefnvenjum starfsfólks?

Það er mjög mikilvægt fyrir stjórnendur að taka svefninn almennt inn í heilsustefnu fyrirtækis. Þannig er mikilvægt að fræða starfsmenn um mikilvægi góðs nætursvefnis, hafa sveigjanleika í vinnutíma sé þess kostur og bjóða starfsmönnum sem glíma við svefnvanda upp á úrræði sem laga svefninn. Það margborgar sig fyrir fyrirtæki að huga að þessum þáttum og að auðvelda svefnvana starfsfólki að fá viðeigandi aðstoð.

Vandræði í höllinni?



Maria Kristjánsdóttir lögmaður hjá LEX

Það hefur varla farið fram hjá neinum að breska konungsfjölskyldan hefur undanfarnar vikur staðið frammi fyrir allmikilli krísu í tengslum við hertogahjónin af Sussex, þau Harry og Meghan, og hlutverk þeirra innan krúnunnar. Snemma í janúar tilkynntu hjónin á Instagram-síðu sinni að þau hygðust draga sig í hlé frá hefðbundnum störfum konungsfjölskyldunnar og eyða meiri tíma í Norður-Ameríku. Eftir langa og stranga fjölskyldufundi lýsti Elísabet Bretadrottning því yfir að hjónin myndu framvegis

ekki bera konunglega titla sína og ekki fá fjármuni fyrir að sinna opinberum konunglegum skyldum. Fátt hefur verið meira rætt í Bretlandi og nágrannalöndum undanfarnar vikur og jafnvel sjálft Brexit hefur fallið í skuggann af krisunni, sem hefur verið nefnd Megxit.

Í tengslum við „starfslok“ hertogahjónanna hafa vaknað upp spurningar í tengslum við vörumerkið Sussex Royal. Hjónin hafa notað vörumerkið síðan í apríl 2019, meðal annars á fyrrnefndri Instagram-síðu sinni, auk þess sem þau halda úti vefsíðu og Twitter-reikningi með sama nafni. Hjónin fengu vörumerkið jafnframt skráð fyrir ýmsar tegundir af vörum og þjónustu, bæði í Bretlandi og víða um heim. Sem dæmi um vörur og þjónustu sem vörumerkið er skráð fyrir eru bækur, tímarit, póstkort, fatnaður og skór af ýmsu tagi og fjáröflunarstarfsemi. Af vörumerkjaskráningum hjónanna verður ekki annað séð en að það hafi verið og

Geta þau áfram notað vörumerki sem inniheldur orðið Royal þegar þau eru ekki beinlínis lengur „royal“?

sé enn ætlun þeirra að byggja upp sterkt vörumerki til nota í ýmsum tilgangi, bæði viðskiptalegum og í góðgerðarstarfsemi.

Álitaefnið varðandi vörumerkið Sussex Royal í kjölfar Megxit snýr að því hvort hjónunum sé áfram stætt á því að eiga og nota vörumerkið þegar þau hafa í grundvallaratriðum sagt störfum sínum sem starfsmenn konungsfjölskyldunnar lausu. Geta þau áfram notað vörumerki sem inniheldur orðið Royal þegar þau eru ekki beinlínis lengur „royal“? Vörumerkjalog í Bretlandi takmarka skráningar á vörumerkjum sem innihalda orðið

Royal nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Sem dæmi eru takmarkanir á því að skrá vörumerki sem innihalda orðið fyrir ýmsar vörur, til dæmis hágæða postulinsvörur, sýningar, ferðabjónustu og góðgerðarstarfsemi. Rókin að baki þessum takmörkunum eru að öllum líkindum þau að vörumerki fyrir umræddar vörur eða þjónustu sem innihalda orðið Royal eru líkleg til að gefa til kynna tengsl við konungsfjölskylduna og tilgangur reglnanna að koma í veg fyrir að ótengdir aðilar hagnist á slíkum vörumerkjum.

Sé staðan skoðuð frá lagalegu sjónarmiði verður ekki annað ráðið en að Harry og Megan séu í sterkri stöðu til að eiga áfram og nota vörumerkið Sussex Royal, þrátt fyrir nýliðna atburði. Þó að þau muni ekki lengur sinna konunglegum skyldum eða bera konunglega titla sína er staðreyndin sú að þau eru áfram konungleg og sannarlega hluti af konungsfjölskyldunni.

Þannig hafa þau ekki formlega misst konunglega titla sína, þau munu bara ekki nota þá lengur.

Lagalega séð eru þau því í fullum rétti til að nota vörumerkið Sussex Royal áfram. Það verður þó að teljast afar líklegt að nánari rammi verði settur um notkun hjónanna á vörumerkinu í samráði við drottninguna sjálfa. Að öllum líkindum munu hjónunum verða settar þröngar skordur á slíki notkun og þess gætt að notkunin samræmist gildum krúnunnar. Það er því ólíklegt að þau muni kynna á markað náttfatalínu undir vörumerkinu Sussex Royal á næstunni. Líkleggra er að vörumerkið verði áfram fyrst og fremst notað í tengslum við góðgerðarstarfsemi.

Tíminn einn mun leiða í ljós hvaða leiðir hertogahjónin af Sussex munu fara í þessum efnum. Þetta litla dæmi sýnir þó að ekkert er vörumerkjaréttinum óviðkomandi, ekki einu sinni fjölskyldudrama hjá bresku krúnunni.

Milljarðasektir vegna persónuverndar

Fyrirtæki þurfa að vera á tánum og fylgjast með úrskurðum persónuverndarstofnana að sögn persónuverndarfulltrúa. Sektor vegna GDPR hafa numið 59 milljörðum íslenskra króna. Líklegt að Persónuvernd muni beita sektarheimild í fyrsta sinn á þessu ári.

Fyrirtæki og stofnanir þurfa að vera á tánum og fylgjast með framkvæmd persónuverndaryfirvalda. Persónuverndarlögin sjálf gefa ekki nákvæmar leiðbeiningar um útfærslur einstakra skyldna og þess vegna er svo mikilvægt að fylgjast með úrskurðum persónuverndarstofnana, bæði hér heima og erlendis, þar sem fram koma vísbendingar um túlkun og beitingu laganna,“ segir Alma Tryggvadóttir, persónuverndarfulltrúi Landsbankans, í samtali við Fréttablaðið.

Rúmlega eitt og hálf ár er liðið frá því að ný persónuverndarlög tóku gildi á Íslandi en þau byggja á Evrópureglugerð um sama efni (GDPR). Alma, sem starfaði áður sem skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd, hélt erindi á fundi Stjórnvísar fyrir í mánuðinum þar sem hún fór yfir helstu úrskurði og stjórnvaldssektir sem hafa fallið í Evrópu á grundvelli laganna.

Gróf samantekt sýnir að alls hafi verið lagðar á yfir 150 stjórnvaldssektir á grundvelli laganna og að heildarfjárhæð þeirra nemi um 430 milljónum evra, jafnvirði um 59 milljarða íslenskra króna.

„Algengasta brotið varðar skort á öryggisráðstöfunum, það er að segja þegar fyrirtæki og stofnanir tryggja ekki nægilega vel öryggi persónuupplýsinga í starfsemi sinni. Þessi brot hafa jafnframt oft í för með sér hæstu sektirnar vegna þess að þau fela oft í sér gagnaleka eða snerta mikinn fjölda einstaklinga,“ segir Alma en sektir vegna skorts á tæknilegum öryggisráðstöfunum hafa numið um 46 milljörðum króna. Í tilvikum Marriott-hótelkeðjunnar fyrirhugar breska persónuverndarstofnunin að sekta fyrirtækið um 17 milljarða króna í kjölfar leka á persónuupplýsingum tæplega 340 milljóna viðskiptavina og í tilvikum British Airways flugfélagsins er fyrirhuguð 28 milljarða króna sekt fyrir sambærilegt brot.

„Einnig er algengt að brotið sé gegn svokölluðum meginreglum laganna en þær fjalla á almennan hátt um að vinnsla persónuupplýsinga þurfi til dæmis að vera sanngjörn, lögmæt og gagnsæ. Það þarf einnig að gæta meðalhófs og ekki ganga lengra en nauðsynlegt



Alma starfaði hjá Persónuvernd í átta ár áður en hún fór yfir til Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vakningin verður sífellt mikilvægari

Hinn alþjóðlegi persónuverndardagur var haldinn hátíðlegur í gær en honum er ætlað að stuðla að vitundarvakningu um persónuvernd. Alma segir að vitundarvakning einstaklinga um persónuvernd verði sífellt mikilvægari í nútímasamfélagi.

„Í samfélaginu í dag er vinnsla og greining á persónuupplýsingum alltumlykjandi. Við eigum rafræn samskipti við opinbera aðila, erum undir eftirliti í vinnunni og á almannafæri, við stundum verslun og viðskipti á netinu, deilum upplýsingum á samfélagsmiðlum, netvafur okkar er skoðað og staðsetning.

er,“ segir Alma og nefnir nýlegan úrskurð frá því í desember þar sem þýskt leigufélag var sektað um tæplega tvo milljarða króna fyrir að varðveita persónuupplýsingar um fyrrverandi leigutaka.

„Þetta er dæmi um úrskurð sem skiptir máli fyrir íslensk fyrirtæki

Svo safnast viðkvæmar heilsufarsupplýsingar með snjallúrum og öðrum tækjum sem berast framleiðendum og samstarfsaðilum þeirra úti um allan heim,“ segir Alma.

„Við eigum rétt á að vita hvernig þessar upplýsingar eru notaðar og af hverjum svo við getum gætt að persónuvernd okkar og komið í veg fyrir að upplýsingarnar séu misnotaðar, þær notaðar gegn okkur, segjum til að hækka iðgjöld tryggingarfélagsgagna skorts á hreyfingu eða svefni, eða dragi upp ranga mynd af okkur með mismunandi afleiðingum.“

sem hafa kannski ekki hugað nógu mikið að því að grísa gögnin sín og eyða upplýsingum sem eru ekki lengur nauðsynlegar,“ segir Alma.

Persónuvernd hefur enn ekki lagt á stjórnvaldssekt á grundvelli nýju laganna. Alma segir að í aðdraganda innleiðingar á GDPR hafi umræðan

verið þannig að öll fyrirtæki og allar stofnanir þyrftu að vera tilbúnar á þeim degi sem lögin tóku gildi og Persónuvernd myndi strax frá fyrsta degi byrja að leggja á sektir. Raunin hafi hins vegar verið önnur.

Samkvæmt lögunum geta sektirnar verið frá 100 þúsund krónum upp í 2,4 milljarða eða allt að fjögur prósent af heildar ársveltu aðila á heimsvísu á næsta fjárhagsári ef sú tala er hærri. Aftur á móti hefur stofnunin gefið ákveðnar vísbendingar í nýlegum málum að sögn Ölmú.

„Persónuvernd hefur fjallað um stjórnvaldssektir í nokkrum nýlegum málum og meðal annars nefnt þau viðmið laganna sem hafa áhrif á fjárhæð sekta, til dæmis hversu samstarfsfúsir aðilar eru komi í ljós brot gegn lögunum,“ segir Alma.

Er líklegt að við sjáum fyrstu stjórnvaldssektir Persónuverndar vegna laganna á þessu ári?

„Já, einfaldlega vegna þess að það verður líklegra og líklegra að atvikin sem úrskurðað er um á næstunni hafi átt sér stað eftir gildistöku laganna í júlí 2018. En sektir eru aðeins ein tegund viðurlagaheimilda sem

46

milljarðar króna er heildarupphæð sekta vegna GDPR sem má rekja til skorts á tæknilegum öryggisráðstöfunum.

Persónuvernd hefur. Oftast beinir Persónuvernd fyrirmælum til fyrirtækja og stofnana áður en það kemur til álita að leggja á sektir. Ef þeim er ekki fylgt eftir, til dæmis um að eyða persónuupplýsingum eða bæta úr fræðslu, þá kemur til álita að leggja sektir á þau,“ segir Alma.

Hvort hefur ný persónuverndarlöggjöf verið meira eða minna íþyngjandi en búist var við?

„Ég held að það sé mjög mismunandi eftir því hvernig fyrirtæki eða stofnun um ræðir. Persónuverndarlög hafa verið í gildi hérlandis um áratugaskeið og meginreglur laganna hafa verið mjög svipaðar frá árinu 2000. Stærri fyrirtæki með viðtækari gagnavinnslu voru mörg hver í ágætri stöðu fyrir gildistöku. Engu að síður voru kynntar til leiks nýjar skyldur og ný réttindi sem var krefjandi að innleiða vegna skorts á fordæmum sem hægt var að styðjast við í framkvæmd, til dæmis um hversu lengi ætti að geyma ráðningarsamninga eða starfsumsóknir svo dæmi séu tekin,“ segir Alma.

„Það er eitthvað sem hver og einn aðili þarf að meta fyrir sig út frá því hvað er nauðsynlegt í starfsemi sinni. Þá gilda ekki sömu reglur um varðveislu hjá opinberum aðilum og einkaaðilum. Í öllu falli er mikilvægt að fylgjast með úrskurðum persónuupplýsinga og dómum til þess að fá tilfinningu fyrir túlkun og beitingu laganna og aðlaga sig að því eftir þörfum. Vernd persónuupplýsinga er ekki einskiptisáðgerð sem fyrirtæki og stofnanir framkvæma með því að tikka í box. Persónuvernd er hluti af menningu fyrirtækja og er í stöðugri þróun samhliða tækniframförum og breyttum þjóðfélagsaðstæðum.“

thorsteinn@frettabladid.is

Fara fram á lögbann við birtingu á verðmætu kynningarefni WOW air

Félagið Mobile Consulting ehf., sem er í eigu Engilberts Hafsteinssonar, hefur lagt fram kröfu til sýslumanns um að lagt verði lögbann við birtingu USAerospace Associates, sem áformar endurreisn WOW air, á kynningarefni sem var í eigu hins gjaldþrota flugfélags og síðar þrotabúsins.

Í lögbannskröfunni, sem Markaðurinn hefur séð, fer Mobile Consulting fram á lögbann við því að bandaríska félagið USAerospace, sem er í eigu Michele Roosevelt Edwards, birti ritad efni á ensku um Ísland. Nær krafan til efnis sem var í eigu þrotabús WOW air og var birt á vefsíðu flugfélagsins eða timaritinu WOW Magazine. Krafan nær einnig til efnis sem var ætlað til birtingar á þeim miðlum. Auk þess er krafist að lögbann verði lagt við því að USAerospace noti eða birti myndsköpun, unnin og óunnin myndbönd, sem voru í eigu þrotabús WOW air.

Þá vinnur Mobile Consulting að annarri lögbannskröfu samkvæmt heimildum Markaðarins. Mun félag-



Félagið vill lögbann á birtingu kynningarefnis WOW. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ið fara fram á lokun Youtube-reiknings WOW air þar sem finna má um 209 myndsköpun. Framleiðslukostnaður allra myndsköpunanna hleypur á tugum milljóna króna að sögn þeirra sem þekkja vel til framleiðslu á slíku efni.

Markaðurinn greindi frá því í vetur þegar Engilbert, sem er fjárfestir og fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá WOW air, sakaði skiptastjóra WOW air um að tviselja eignir úr búinu. Hann sagði að þrotabúið virti ekki samkomulag um sölu á ýmsu kynningarefni til sins félags

og hefði þess í stað ákveðið að selja efnið til USAerospace. Í samskiptum lögmanna beggja félaga kom fram að USAerospace væri reiðubúið að sækja bætur utan íslenskrar lögsögu til þeirra sem birta efnið í ljósi þess hugsanlega tjóns sem bandaríska félagið eða fjárfestarnir sem standa að baki því geta orðið fyrir.

Þá gagnrýndi Engilbert einnig skiptastjórnara fyrir að hafa deilt trúnaðarupplýsingum með lögmanni bandaríska félagsins og sagðist ætla að vísa ágreiningnum fyrir dómstóla ef allt kynningarefni yrði ekki afhent.

Síðasta haust var greint frá því að USAerospace hefði náð samkomulagi við þrotabú WOW air um kaup á eignum eins og fjöluþláu búningunum, margvíslegum rekstrarvörum, varahlutum, bókunartækni og handbókum. Kaupverðið var sagt 50 milljónir króna. Upphaflega stóð til að hefja flugrekstur í október en áætlanirnar gengu ekki eftir. Ekki er komið í ljós hvenær flugreksturinn hefist. – þff

Þrjár eftirlitsstofnanir verði sameinaðar í eina

Sýn telur tímabært að fjölmiðlanefnd, Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppniseftirlitið verði sameinað undir einn hatt. Þannig sé unnt að tryggja skjótari meðferð mikilvægra mála. Síminn tekur í svipaðan streng og segist ítrekað lenda í því að sambærileg mál fái umfjöllun hjá fleiri en einni eftirlitsstofnun með tilheyrandi óhagræði.

Í nýlegum umsögnum fjarskiptarisanna við drög að frumvarpi til nýrra fjarskiptalaga er víkið að stofnanauppbyggingu eftirlitsyfirlitvalda á fjarskiptamarkaði en í drögnum er ekki gert ráð fyrir breytingum á henni. Þannig segir í greinargerð með frumvarpsdrögum að ekki sé tímabært að fella eftirlit með samkeppni á umræddum markaði undir almenn samkeppnislög.

Sýn tekur ekki undir þá afstöðu. Félagið bendir meðal annars á að það hafi í hartnær fimm ár bedið eftir niðurstöðu samkeppnisyfirlitvalda í máli sem varðar markaðsaðgerðir Símans á sjónvarpsmarkaði.

„Í stað þess að málið væri skoðað

» Sýn telur farsælast að sameina þrjár stofnanir, Póst- og fjarskiptastofnun, Samkeppniseftirlitið og fjölmiðlanefnd, í eina stofnun og tryggja þannig skjótari meðferð mála.

af einu og sama stjórnvaldinu,“ segir í umsögn Sýnar, „hefur það komið til kasta Póst- og fjarskiptastofnunar, fjölmiðlanefndar og nú síðast Samkeppniseftirlitsins.“

Þá sé jafnframt einsýnt að fjölmiðlanefnd sé of lítil eining til þess að geta talist sjálfbær ríkisstofnun, sér í lagi þar sem Póst- og fjarskiptastofnun hafi þegar eftirlit með tilteknum ákvæðum fjölmiðlatala.

Í umsögn Símans er tekið í svipaðan streng en félagið bendir á að það dragi úr skilvirkni stjórnsýslunnar og skilvirkum rekstri fyrirtækja að niðurstaða hjá einu stjórnvaldi geti leitt til allt annarrar niðurstöðu hjá öðru stjórnvaldi. – kj

Skotsilfur



Segir skilið við Novator

Ragnhildur Sverrisdóttir, sem hefur á síðustu árum starfað sem upplýsingafulltrúi Novators, fjárfestingarfélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, lætur brátt af störfum hjá félaginu. Ragnhildur hóf störf hjá Novator snemma árs 2010 og hefur síðan þá sinnt upplýsingamálum fyrir fjárfestingarfélagið og Björgólf Thor. Áður starfaði hún sem blaðamaður og fréttastjóri á Morgunblaðinu í meira en tuttugu ár.



Nýr forseti lagadeildar

Ása Ólafsdóttir, lagaprófessor við Háskóla Íslands, var kosin forseti lagadeildar háskólans til næstu tveggja ára á deildarfundi í gær. Hún tekur við starfinu af Aðalheiði Jóhannsdóttur prófessor þann 1. júlí næstkomandi. Trausti Fannar Valsson, dósent í stjórnsýslurétti við lagadeildina, var á sama fundi kjörinn vara-deildarforseti fyrir sama tímabil. Ása hefur setið í ýmsum nefndum og stjórnunum, bæði í atvinnulífnum og hjá hinu opinbera, og má þar meðal annars nefna Eyri Invest og Lindarhvol, eignaumsýslufélag ríkisins.



Dýrt á Íslandi

Íslendingar geta orðið grænir af öfund í vinnubúðinni í Svíþjóð. Verðlagið er mun hagstæðara en hérlandis, þótt það mælist býsna hátt alþjóðlega. Samantekt Samtaka iðnaðarins leiðir í ljós að sömu lögmál gilda um fasteignaskatta. **Dagur B. Eggertsson** borgarstjóri og aðrir sveitarstjórnarmenn fögnuðu því að fasteignaverð æddi áfram á undanförunum árum. Við það jukust tekjur sveitarfélaga án skattahækkana. Þannig benti SI á að árið 2018 voru fasteignaskattar 0,8 prósent af landsframleiðslu hérlandis en 0,25 prósent í Noregi og 0,4 prósent í Svíþjóð. Þeir sveitarstjórnarmenn sem eru alþjóðasinnar ættu að bera skattheimtuna saman við útlönd.



Kórónaveiran dregur mátt úr kínverska hagkerfinu



Greinendur telja vist að kínverska hagkerfið verði fyrir talsverðu höggi vegna kórónaveirunnar sem breiðst hefur hratt út undanfarið. Fjölmargir bankar, verslanir og verksmiðjur í Kína hafa skellt í lás, neytendur hafa dregið úr neyslu og umferð lesta og flugvéla hefur minnkað um nær helming. Fjárfestar óttast áhrif veirunnar á heimshagkerfið en til marks um það lækkuðu hlutabréf víða um heim í byrjun vikunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Hnitmiðuð atлага að lífskjörum



Halldór Benjamin Þorbergsson framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Það er eðlilegt að verkafólk hjá Reykjavíkurborg vilji bætt kjör og á þar sameið með öðru launafólki. Þegar horft er á heildarmyndina, launahækkningar og aðrar kjarabætur samkvæmt Lífskjarasamningnum, batna kjör verkafólks umtalsvert og mun meira en herra launaðra starfsmanna. Það tókst vel til og margir lögðu hönd á plóg.

Sveitarfélög sinna mikilvægru þjónustu við almenning og það mun valda stórum hópi íbúa þeirra miklum vandræðum ef til verkfalls Eflingar gagnvart Reykjavíkurborg kemur. Það er ábyrgðarhluti að kynda undir deilum með rangfærslum og óbilgjörnum kröfum sem ekkert sveitarfélag getur orðið við. Yfirlýsingar Eflingar um að kröfur félagsins ógni ekki Lífskjarasamningnum eru hreinræktaðar blekkingar.

Verri gjöf til almennings getur vart hugsast á ársafmæli Lífskjarasamningsins en að kröfur Eflingar nái fram að ganga. Því þá eru þeir úr sögunni. „Leiðréttingin“, sem forysta Eflingar kallar svo, verður ekki upp á við á launum nokkurra hópa hjá borginni heldur lóðbeint niður á við á lífskjörum almennings. Leiðrétting Eflingar felst í því að gera að engu þann árangur sem náðst hefur á síðustu árum við að horfa fyrst og fremst á raunhækkun launa, sem byggist á svigrúmi atvinnulífsins, en ekki háar prósentuhækkningar launa sem ekki er innstæða fyrir.

Fyrirhugaðar aðgerðir Eflingar eru atлага að Lífskjarasamningnum. Málflutningur forystu Eflingar er bergmál löngu liðins tíma. Hnitmiðuð launaleiðrétting eins og Efling krefst er oframkvæmanleg nema í viðtækri og fyrirfram gerðri sátt við öll önnur stéttarfélög í upphafi kjaralotu. Slik sjálfsblekking á ekkert erindi í málefnalegar umræður um kjarapróun og efnahagsmál. Um það vitnar áratugareynsla af kjarasamningsgerð á Íslandi.

Núna er allt undir. Meginþorri verkaldýshreyfingarinnar stendur við sín orð og gjörðir. SGS-félögin hringinn í kringum landið – 18 talsins – þekkja eðli skemmdarverkastarfsemi Eflingar og undir-

rituðu kjarasamning við sveitarfélögin á nótum Lífskjarasamnings. Þau skildu Eflingu eftir og styrktu stöðir Lífskjarasamningsins. Það er virðingargætt. Þaulreyndir verkafólksleiðtogar félaganna 18 vita að þannig er hag félagsmanna þeirra best borgið.

Á tímabili Lífskjarasamningsins hefur kaupmáttur – það sem fæst fyrir launin – vaxið um 3,6% hjá láglaunafólki en um 2,4% að meðaltali. Vextir hafa lækkað um 1,5% og ekki verið lægri í 20 ár. Markverð skref voru stigin til styttingar vinnuvikunnar og nánast allur almenni vinnumarkaðurinn hefur samþykkt þessa launastefnu í kosningum um kjarasamninga.

Trúnaður SA er ekki einvörðungu við atvinnurekendur heldur ófrávikjanlegur gagnvart yfir hundrað og tíu þúsund starfsmönnum sem aðild eiga að 84 kjarasamningum sem SA hafa undirritað. Þeir samningar voru samþykktir í því trausti að almenn sátt yrði um launahækkningar Lífskjarasamningsins. Búið er að semja fyrir 97% launamanna á almennum vinnumarkaði. Framganga Eflingar eru svik við hagsmunum yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar.

Samningur á þeim nótum sem forysta Eflingar áformar að knýja

fram yrðu verðbólguálagningar. Verðbólga veldur tjóni, og baráttan við hana líka, þar sem landsmenn þurfa að búa við hærri vexti en annars þyrfti að vera og fyrirtækjum í alþjóðlegri samkeppni blæðir vegna sterks gengis krónunnar. Kjarasamningar með miklum prósentuhækkunum veikja því atvinnulífið og rýra lífskjörin þvert á það sem stefnt er að við gerð slíkra kjarasamninga. Um það vitnar atburðarás á sjötta, sjöunda, áttunda, níunda og tíunda áratug síðustu aldar og þess fyrsta á þessari öld. Vegna þessa er ánægjulegt að sjá að viðbrögð stjórnenda Reykjavíkurborgar eru að bjóða sömu kjarabætur og kveðið er á um í Lífskjarasamningnum.

Borgarstjórn getur ekki vikið sér undan ábyrgð og ekkert bendir til að hún muni gera það. Verði gengið til samninga við Eflingu, sem sprengir Lífskjarasamninginn, fer allur vinnumarkaðurinn í háaloft. Það er ábyrgðarhluti sem varðar miklu fleiri einstaklinga en innan við tvö þúsund félagsmenn Eflingar. Þá dugir ekki að vísa til 15 ára gamals fordæmis sömu samningsaðila sem hafði fyrirsjáanleg áhrif, sprengdi sátt á vinnumarkaði og kom af stað höfrungahlaupi og gengisfalli sem allir töpuðu á. Úrslitastundin er fram undan.

Er óbyggilegt á Íslandi?



Björn Berg Gunnarsson deildarstjóri greiningar og fræðslu hjá Íslandsbanka

Hvers vegna eru Norðmenn alltaf svona heppnir en ekki við? Landgrunnir þeirra er búið til úr olíu og þeir vinna alltaf í Víkingalottó. Á meðan er hér viðvarandi óvissuástand vegna veðurs

og hamfara, það hefur ekki verið hægt að röla um Borgartúnið síðan í haust og við keppum og keppum og heimtum vinninginn heim en vinnum aldrei í Víkingalottóinu. Til að bæta gráu ofan á svart er hér umtalsverður samdráttur í ferðabjónustu á sama tíma og talað er um neyðarástand vegna fjárskortis í annarri hverri frétt. En er óbyggilegt hérna?

Erlendur rithöfundur sem hér var á landi fyrir nokkru nefndi við mig að honum þætti bölmóðurinn í Íslendingum full mikill. „Það hefur aldrei verið betra að vera til

Það hefur aldrei verið betra að vera til en að vera Íslendingur í dag, en þið talið ekki um annað en hvað allt sé ómögulegt.

en að vera Íslendingur í dag, en þið talið ekki um annað en hvað allt sé ómögulegt,“ sagði hann og benti á hina ýmsu kosti sem við tökum

kannski sem sjálfsgöðum hlut. Þrátt fyrir bakslag í helstu útflutningsgrein þjóðarinnar höfum við, þegar lítið er á efnahagsmálin almennt, sjaldan ef nokkru sinni verið betur í stakk búin til að bregðast við áföllum en einmitt nú.

Ólíkt fyrri hagvaxtarskeiðum var hinn mikli uppgangur árána 2012 til 2018 ekki fjármagnaður með skuldsetningu heldur höfum við byggt okkur upp heilmikið svigrúm sem nú reynist okkur dýrmætt og gefur færi á að vinna gegn hagsveiflunni, til dæmis með auknum framkvæmdum. Við höfum skilað

myndarlegum afgangi í viðskiptum við aðrar þjóðir og eru erlendar eignir þjóðarbúsins umfram skuldir tæpur fjórðungur landsframleiðslu. Hugsjið ykkur að sú staða sé nú komin upp, þetta skömmu eftir hrun.

Þó Víkingalottó hafi ekki verið okkur gjöfult er það lottóvinnungur í sjálfu sér að búa á Íslandi. Vextir og verðbólga eru við sögulegt lágmark og ef vel tekst til við að spila úr þeirri stöðu sem upp er komin í hagkerfinu verðum við fljót að gleyma því að flugfélag hafi fuðrað upp árið 2019.



STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

MARIA BAPTIST

→ BEINT FRÁ BERLÍN

23. febrúar

Kl. 20.00

Silfurberg

SKOÐUN

Helgi Vífill
Júlíusson



Rökleysa prófessors

Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði og starfsmaður Eflingar, dregur víðtækar og hægjar ályktanir í pistli sem ber nafnið Nýfrjálshyggju Miltons Friedman hafnað í Bandaríkjunum og Davos.

Stefán rifjar upp í pistli á Kjarnanum að hagfræðingurinn Milton Friedman hafi talið að fyrirtæki hafi ekki samfélagslegum skyldum að gegna heldur eigi eingöngu að skila hagnaði.

Í grunninn taldi hann að fyrirtæki ættu ekki að veita fé í góðgerðarmál því þá væri verið að ráðstafa annarra manna fé enda sæki stjórnendur fyrirtækjanna fjármunina í vasa hluthafa. Hluthafar eða viðskiptavinir ættu sjálfir að ákveða hvort þeir láti fé afhendi rakna.

Stefán segir að nýverið hafi Viðskiptaráð Bandaríkjanna og helstu forkölfar í viðskiptalífnum sem sæki ráðstefnuna World Economic Forum í Davos horfið frá þessu sjónarmiði Friedmans. Nú sé öldin önnur og fyrirtæki eigi að horfa til allra haghafa. Fyrirtæki skuli bera ábyrgð gagnvart starfsmönnum sínum, viðskiptavinum, birgjum, neytendum og samfélaginu öllu.

Af þessu dregur prófessorinn þá ályktun að frjálshyggjumenn hafi gengið af trúnni, eins og hann orðar það. Það er rökleysa. Það er ekki hægt að ráða afstöðu fjölda fólks til hlutverks og umsvifa ríkisins og frjálsra viðskipta með því að rýna í með hvaða hætti þeir líta hlutverk fyrirtækja. Að sjálf-sögðu kys hópur kaupþýslumanna að fyrirtæki í þeirra höndum starfi í sátt og samlyndi við samfélagið. Það er betra fyrir reksturinn. Annars eru líkur á að starfsemin standist ekki tímans tönn og lognist út af.

Grein Stefáns er óvandaður áróður í stjórnmalabaráttu. Hann fer enda ekki í grafötur með tilgang skrifanna. Hann kallar eftir því að nú verði „að sigla skipinu í höfn og tryggja endalok neikvæðra áhrifa“ frjálshyggjunnar á heiminn.

Eflaust hryggir það vinstri menn að Friedman ásamt fleirum, til dæmis Ludwig von Mises og Friederich von Hayek, tókst að hrinda sókn þeirra sem aðhyllast umfangsmikil ríkisafskipti og áætlunarbúskap. Framlag hagfræðinganna leiddi þó ekki til þess að ríkisstjórnir Vesturlanda tækju upp hugmyndir þeirra nema að litlu leyti.

Þeir stjórnmalaleiðtogar sem börðust hvað mest fyrir því voru Margaret Thatcher og Ronald Reagan. Þau rákust á ýmsa vegg og urðu oft að lúta í lægra haldi í baráttunni. Og langt er síðan valdatið þeirra lauk. Ríkisafskipti eru víða mikil og skattar háir. Miðstýring skapar þunglamalegt og dýrt kerfi sem bitnar á lífsgæðum okkar allra.

Vill aukið frelsi í sölu lausasölulyfja

Samkeppniseftirlitið telur ástæðu til þess að rýmka heimildir til sölu lausasölulyfja í almennum verslunum. Aukið frelsi leiði til betri þjónustu við almenning og aukinnar samkeppni í lyfjasölu.

Í nýlegri umsögn eftirlitsins við frumvarp heilbrigðisráðherra til nýrra lyfjalaga, sem birt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda, er lagt til að Lyfjastofnun fái heimild til þess að ákveða hvaða lausasölulyf megi selja í almennum verslunum.

Einungis er heimilt að selja lyf á grundvelli lyf-



Páll Gunnar Pálsson,
forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

söluleyfis en þó er sala minnstu pakkninga og minnsta styrkleika nikótínlyfja og flúorlyfja, sem ekki eru ávísunarskyld, öllum heimil.

„Með því að auka frelsi til sölu lausasölulyfja í almennum verslunum,“ segir í umsögn Samkeppniseftirlitsins, „myndi þjónusta við almenning batna og samkeppni í sölu umræddra lyfja aukast.“

Á landsbyggðinni séu til að mynda ýmis dæmi um að langt sé í næstu lyfjaverslun auk þess sem opnunartími apóteka sé oft takmarkaður. – kj

24.01.2020

Svo getur farið að þjóðin skiptist í tvo hópa, þá sem hafa vinnu og hina sem ekki hafa vinnu. Á meðan gæti hagvöxtur haldist lágur.

Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands



VR
FYRIRTÆKI
ÁRSINS
2019

Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafn- verðmæt störf



PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar